

Nd.

63. Frumvarp til laga

[58. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Helgi Bergs.

1. gr.

Á eftir 3. málsg. 42. gr. laganna kemur ný málsg., svo hljóðandi:
Fram skal fara ýtarleg rannsókn á framtölum 10% allra framtalsskyldra aðila. Skulu þau framtöl valin með útdrætti úr öllum framtölum landsins af Hagstofu Íslands samkvæmt reglum, sem hún setur. Framtöl þau, sem tekin eru til rannsóknar, skal athuga vandlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvað eina, sem máli skiptir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ekki orkar það tvímælis, að skattframtöl eru ekki svo örugg sem skyldi. Mikla nauðsyn ber til, að hér verði ráðin bót á, því að ekkert er fráleitara en að þeir heiðarlegu séu látnir greiða hærri gjöld en ella vegna hinna, er svíkja undan skatti.

Með þessu frv. er lagt til, að breytt verði um vinnuaðferð við úrvinnslu á framtölum. Er það skoðun flutningsmanna, að þessi aðferð muni reynast örugg í framkvæmd, ef henni er fylgt svo eftir sem hér er lagt til. Auk þess mætti með því að nola þessa vinnuaðferð draga verulega úr kostnaði við endurskoðun á skattframtölum frá því, sem nú er, enda væri þá hætt óþörfum og þýðingarlausum bréfaskriftum, svo sem nú eiga sér stað.